

Miðvikudaginn 5. desember 1951.

Nr. 151/1951. **Ákærvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)
 gegn

John Geffry Tomlinson (Lárus Fjeldsted).

Landhelgisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa upp kveðið Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Páll Þorbjörnsson og Sigfús Scheving, skipstjórar í Vestmannaeyjum.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóuppdrátt stað dufls þess, sem varðskipið Óðinn lét út í kjölfar togarans Red Lancer, L.O. 442, kl. 9,10 árdegis hinn 28. ágúst þ. á., og reyndist staðurinn rúmlega 0,4 sjómílu innan landhelgislínu.

Með skírskotun til þessa og þar eð gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því að héraðsdómur gekk, ber að staðfesta hann að öðru en því, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa og að vararefsing ákærða ákveðst 7 mánaða varðhald.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, John Geffry Tomlinson, greiði 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu sakarkostnaðar staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í

Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Gunnars Þorsteinsonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 30. ágúst 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er höfðað af hálfu ákærvaldsins gegn John Geffry Tomlinson, skipstjóra á togaranum Red Lancer, L.O. 442, frá London, til heimilis í Fleetwood, fyrir meint brot á lögum um bann við botnvörpuveiðum nr. 5 frá 18. maí 1920, sbr. lög nr. 4 11. maí 1924, og lög nr. 5 29. jan. 1951, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra togarans Red Lancer, þar með taldir dragstrengir, svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, John Geffry Tomlinson, er fæddur 12. desember 1910 og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt kærú eða refsingu áður fyrir sams konar brot hér á landi.

Samkvæmt skýrslu varðskipsins Óðins, sem staðfest var af skipstjóra og II. stýrimanni, og svo viðurkenningu ákærða sjálfs eru málavextir eftirfarandi:

Í fyrramorgun, þriðjudaginn 28. ágúst 1951, var varðskipið Óðinn stutt út af Portlandi á austurleið. Sáú þá skipverjar 2 togara framundan á stjórnborða. Stefndu báðir austur um og virtust vera mjög nærri hvorir öðrum. Hélt varðskipið nú austur með landi og stefndi nokkuð fyrir ofan togarana.

Er það var komið á móts við þá, þótti sýnt samkvæmt athugunum, að þeir væru í landhelgi. Kl. 09.05 sneri varðskipið út um og tók stefnu á togarana, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun af I. stýrimanni og skipstjóra:

Portlandsviti	
	> 41° 38'
Hatta	
	> 82° 00'
Hjörleifshöfði	

Síðan hélt varðskipið á fullri ferð að togurunum.

Kl. 09.08 sneru báðir togararnir út um. Kl. 09.10 setti varðskipið út bauju í kjölvatn togaranna. Kl. 09.12 var skotið lausu skoti að öðrum togaranum, sem reyndist vera togarinn Red Lancer, L.O. 442, frá London. Kl. 09.14 var rennt upp að hlið hans og kallað til skipstjóra, ákærða í máli þessu, og honum skipað að stöðva og draga inn vörpuna (stb. vörpuna), og hlýddi hann því samstundis og stöðvaði þegar.

Kl. 09.26 kom varðskipið að honum aftur og setti tvo menn um borð í hann. Var togarinn þá að draga vörpuna inn, og er hann hafði lokið því, setti hann út bauju rétt utan við bauju varðskipsins. Síðan fór varðskipið að bauju sinni, og gerði þar eftirfarandi staðarákvarðanir, sem framkvæmdar voru af II. stýrimanni og skipstjóra:

Portlandsviti

> 37° 58'

Hatta

> 75° 10'

Hjörleifshöfði

Dýpi 58 metrar.

Gefur það stað skipsins 0.4 sjómílur innan landhelgislínu.

Síðan var ákærði tekinn um borð í varðskipið og honum bent á, að hann hefði verið í landhelgi. Kvaðst hann hafa miðað Reynisfjall, er varðskipið kom að honum, og tekið fjarlægð frá þeim með radar. Gaf hann upp miðunina NV a N ½ N og fjarlægð 4¼ sjómílur. Taldi skipstjóri varðskipsins, að þær miðanir gæfu stað skipsins 0.6 sjómílur innan landhelgislínu. Þar næst voru ákærða sýndar mælingar varðskipsins við baujuna, mældi hann hornin og las þau af sextantinum og véfengdi þær ekki.

Að því loknu beiddist ákærði þess að fá að fara um borð í skip sitt og gera þar nánari athuganir. Var honum leyft það, og fór I. stýrimaður varðskipsins með honum og enn fremur skipstjóri af öðrum enskum togara, St. Just, sem þarna var einnig að veiðum, er varðskipið kom að. Gerðu þeir athuganir sínar um borð í skipi ákærða, en svo illa tókst til, að togarinn fékk bauju varðskipsins í skrúfunu, og slitnaði hún af, en þá notuðu þeir bauju togarans, sem var nokkru utar. Að því loknu komu þeir um borð í varðskipið og með loftskeytamanninn af Red Lancer með sér. Loftskeytamaðurinn vildi sanna, að togarinn hefði verið utan landhelgi, og kvaðst hafa stillt radarinn á 3 sjómílur við baujuna og ekki séð land. Töldu varðskipsmennirnir, að þetta gæti vel staðizt, því bæði væri baujan röskar 3 sjómílur frá næsta landi og svo sáust sandarnir ekki í radarnum nema undir vissum skilyrðum. Í öðru lagi kvaðst loftskeytamaðurinn hafa séð land í radarnum með sömu stillingu, eftir að hafa siglt 1 sjómílu til lands frá baujunni, og vildi þar með meina, að baujan væri 4 sjómílur frá landi.

Til þess að athuga þetta nánar fór skipherra varðskipsins ásamt skipstjórum togaranna og loftskeytamanni um borð í Red Lancer og lét loftskeytamanninn taka fjarlægðir frá bauju togarans bæði að vesturbrún Hjörleifshöfða og austurbrún Reynisfjalls, og gáfu þær fjarlægðir, þar sem þær mættust, stað skipsins innan landhelgislínu. Síðan var haldið upp að landi, og eftir að siglt hafði verið á aðra mílu frá baujunni, fóru fjöllin að sjást í radarnum, en alls ekki sandarnir.

Síðan var gerð tilraun til þess að ná í enskt eftirlitsskip og einnig í hafrannsóknarskipið Scotia, en þær tilraunir urðu árangurslausar. Var svo haldið af stað til Vestmannaeyja kl. 16.15 og komið þangað kl. 20.40.

Veður var gott, A-gola, smáskúrir fyrripart dags, bjart seinni partinn, sjór 1—2.

Við skýrslu varðskipsmanna, er nú hefur verið rakin, gerði ákærði fáar athuganir, er hann mætti fyrir dómnum. Kvaðst hann hafa verið að togveiðum, er hann sá varðskipið nálgast, og hafi séð það, löngu áður en það kom á staðinn, enda hafi veður verið bjart og gott skyggni. Kvaðst

hann hafa fastlega gert ráð fyrir, að hann væri utan landhelgi, og byggt það á radarathugunum sínum. Hélt hann einnig, að landhelgislínan væri 3 sjómílu frá ströndinni, en svo var ekki, því Mýrdalsvíkin skerst inn í landið þarna. Er skipherra varðskipsins kom um borð, kvaðst hann hafa gert staðarákvarðanir með radar og hafi þær verið þessar:

Reynisfjall, NV. N $\frac{3}{4}$ N, fjarlægð $4\frac{1}{2}$ sjóm.

Hjörleifshöfði í ANA, fjarlægð 4% sjóm.

Gat hann þess jafnframt, að sér hefði virzt fjarlægðin til Reynisfjalls 5 sjómílu í radarnum, en 6 sjómílu til Hjörleifshöfða, en þar eð skipstjóri varðskipsins hafi ekki viljað viðurkenna þær fjarlægðir, hafi hann fallist á, að þær skyldu reiknaðar $4\frac{1}{2}$ og $5\frac{3}{4}$ sjóm. Staður togarans samkvæmt ofangreindum radarmiðunum ákærða var færður út á sjókort í dóminum, og kom þá í ljós, að togarinn hlaut að vera innan landhelgi samkvæmt þessum miðunum. Viðurkenndi ákærði, að samkvæmt sjókortinu, sem til staðar var í réttinum, hafi togarinn átt að vera innan landhelgi. Hins vegar taldi hann, að eitt sjókort sýndi stað skipsins utan landhelginnar. Hafði hann sjókort sitt meðferðis, og sýndi það allt Ísland og allbreitt sjávarbelti í kring. Var það í mörgum sinnum smærri mælikvarða en sjókortið, er rétturinn hafði til afnota.

Ákærði kvaðst hafa mælt dýpið, þar sem hann setti niður bauju sína, og hafi það verið 35 faðmar samkvæmt dýptarmæli skips síns.

Samkvæmt mælingabréfi togarans Red Lancer, er hann að stærð 420.93 register tonn brúttó.

Með því að ekkert hefur komið fram í málinu, er hnekki mælingum varðskipsins, og radarmiðanir ákærða sjálfs benda einnig til þess, að togarinn hafi verið innan landhelgi, þykir verða að telja sannað með framburði skipherra varðskipsins og annars stýrimanns og viðurkenningu ákærða sjálfs, að hann hafi verið að togveidum í landhelgi að morgni þess 28. ágúst s.l. Hefur ákærði þar með gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 3. gr. sömu laga og lög nr. 4/1924, er ákveða, að sektir fyrir landhelgisbrot skuli miðast við gullkrónur. Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.93 seðlakrónum og 100 seðlakrónur jafngilda 13/533 gullkrónum. Þykir refsing ákærða, er ekki hefur áður sætt refsingu fyrir sams konar brot, því hæfilega ákveðin kr. 74.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands, er hann skal greiða innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 mánuði.

Þá skal og allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, er innanborðs voru í togaranum Red Lancer, L.O. 442, ger upptæk, og skal andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Svo skal og ákærði greiða allan kostnað, áfallinn og áfallandi, af máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, John Geffry Tomlinson, greiði kr. 74.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri um borð í togaranum Red Lancer, L.O. 442, skal ger upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1951.

Nr. 133/1950. **Björn Benediktsson** (Gústaf A. Sveinsson)
 gegn
Síldarútvegsnefnd (Guttormur Erlendsson).

Fjárhæð talin innt af hendi sem lán, en ekki styrkur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Krefst hann algerrar sýknu í málinu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Nokkur ný skjöl voru lögð fram í málinu, er það var flutt fyrir Hæstarétti.

Hinn 17. desember 1945 ritaði áfrýjandi Nýbyggingarráði og reifaði hugmynd sína um nýja gerð nótabáta. Skömmu síðar kom áfrýjandi á fund ráðsins, sem þá ákvað að leita m. a. til stefnda um styrk til þess, að hugmynd áfrýjanda yrði hrundið í framkvæmd. Með bréfi 11. janúar 1946 fór Nýbyggingarráð þess síðan á leit, að stefndi veitti áfrýjanda 20—25 þúsund króna lán til smíði nótabáta. Hinn 7. marz 1946 ákvað stefndi að lána áfrýjanda 20.000 krónur í þessu skyni, og var fjárhæðin símsend áfrýjanda hinn 15. júní s. á., án þess að skilmála væri að nokkru getið.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja, að umrædd fjárhæð hafi verið greidd áfrýjanda sem lán, og